

✉ Re: 202109103 - Ósk um umsögn, Klyppstaðir

Búið til	28.1.2022 11:51:17
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	28.1.2022 11:51:16
Tilheyrir	📁 202201-0034 - Umsögn við vinnslutillögu vegna breytinga á gildandi deiliskipulagi í landi Klyppstaða í Loðmundarfirði

Efni

Re: 202109103 - Ósk um umsögn, Klyppstaðir

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	28.1.2022 11:51:16	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Pátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurðsson@ni.is)
Til	soley.valdimarsdottir@mulathing.is

Innihald

Góðan daginn,

Tilvísun í mál nr. 202201-0034 (SS).

Vísað er til tölvupósts frá skipulagsfulltrúa Múlaþings, dags. 4. janúar 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um vinnslutillögu vegna breytinga á gildandi deiliskipulagi fyrir ferðapjónustu í landi Klyppsstaða í Loðmundarfirði.

Deiliskipulagsbreytingin varðar það að sett er á laggirnar smávirðingun sem nýtir vatn úr læk fyrir ofan Klyppsstað. Breytingin gerir ráð fyrir jarðvegsstíflu í brekkunni ofan við skálasvæðið við Klyppsstað, 800 metra langri fallpípu og byggingarreit fyrir stöðvarhús sem staðsett er á skálasvæðinu.

Ekkert lón mun fylgja stíflunni sem verður að mestu úr torfi og grjóti og ætti því að falla vel inn í umhverfið, þá verður fallpípan niðurgrafín og því lítt sýnileg. Einhverjar breytingar verða á rennsli lækjarins og mætti fjalla betur um birtingarmynd og áhrif þeirra breytinga í deiliskipulagstillögunni.

Náttúrufræðistofnun telur ólíklegt að umhverfisáhrif af þessari framkvæmd verði mikil. Hins vegar er eitt atriði sem ber að huga að. Í Loðmundarfirði eru þekktir fundarstaðir sjaldgæfra plöntutegunda sem eru á valista Náttúrufræðistofnunar (Valisti æðplantna | Náttúrufræðistofnun Íslands (ni.is) (<https://www.ni.is/midlun/utgafa/valistar/plontur/valisti-aedplantna>)) og sem einnig hafa verið friðaðar nýlega samkvæmt auglýsingu nr. 1385/2021 um friðun æðplantna, mosa og fléttna (<https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=9ee5ca6c-c4f5-4263-a9b8-e34dc6fdd984> (<https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=9ee5ca6c-c4f5-4263-a9b8-e34dc6fdd984>)).

Þetta eru tegundirnar lyngbúi (*Ajuga pyramidalis*) og stinnasef (*Juncus squarrosus*). Bent er á upplýsingasíður Náttúrufræðistofnunar um tegundirnar: Lyngbúi (*Ajuga pyramidalis*) | Náttúrufræðistofnun Íslands (ni.is) (<https://www.ni.is/biota/plantae/tracheophyta/magnoliopsida/lamiaceae/lyngbui-ajuga-pyramidalis>) og Stinnasef (*Juncus squarrosus*) | Náttúrufræðistofnun Íslands (ni.is) (<https://www.ni.is/biota/plantae/tracheophyta/liliopsida/juncaceae/stinnasef-juncus-squarrosus>).

Lyngbúinn vex í gras- og lyngloutum í hlíðum mót suðri m.a. utar í Loðmundarfirði á nokkrum stöðum en stinnasef vex í hálfdeigju og er fundarstaður þekktur í botni Loðmundarfjarðar. Þekktir fundarstaðir eru ekki á framkvæmdasvæðinu en aðstaður þar gætu hentað lyngbúa sem búsvæði og fundarstaður stinnasefs er skammt undan.

Þess vegna leggur Náttúrufræðistofnun til að gengið sé úr skugga um að plönturnar finnast ekki þar sem áætlað er að raska gróðurhulu t.d. þar sem fallpípan er grafin niður og þar sem stöðvarhúsið verður staðsett. Ákvæði friðunarinnar eru mjög skýr en í 6. grein auglýsingarinnar segir að „*bannað [sé] að aflífa, eyðileggja eða valda á annan hátt skaða á einstaklingum friðaðrar tegundar*“.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Sóley Valdimarsdóttir" <soley.valdimarsdottir@mulathing.is>
To: "Sóley Valdimarsdóttir" <soley.valdimarsdottir@mulathing.is>
CC:
Subject: 202109103 - Ósk um umsögn, Klyppstaðir
Date: 4.1.2022 15:05:08

Góðan daginn,

óskað er eftir umsögn við vinnslutillögu vegna breytinga á gildandi deiliskipulagi fyrir ferðapjónustu í landi Klyppstaða í Loðmundarfirði.

Skipulagsuppráttur, unnin af Landmótun, dags. 22. desember 2021 er í viðhengi.

Umsagnir óskast sendar á netfangið skipulagsfulltrui@mulathing.is fyrir 28. janúar nk.

Bestu kveðjur,



Sóley Valdimarsdóttir
Ritari á umhverfis- og framkvæmdasviði
Sveitarfélagið Múlaþing
(354) 4 700 748
soley.valdimarsdottir@mulathing.is
(<mailto:soley.valdimarsdottir@mulathing.is>)
www.mulathing.is
(<http://www.mulathing.is/>)

Viðhengi

image002.png (5 KB)

image001.gif (3 KB)